



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um sorgarleyfi. (þingskj. 835 – 593. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um sorgarleyfi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál og senda nú frá sér samhljóða umsögn og áður var sett í samráðsgátt stjórnvalda.

Samtökin styðja heilshugar við að lagafrumvarpið nái fram að ganga og telja það bera þess merki að samfélagið færir nær því að verða barn- og fjölskylduvænt.

Barnaheill fagna því að málið í heild sinni er þannig byggt að gert er ráð fyrir að styðja þurfi við systkini hins látna barns og því sé nauðsynlegt að foreldrum sé gert kleift að vera frá vinnu en njóta fjárhagslegs öryggis á meðan mesta sorgin ríkir á heimili. Þannig horfir málið til heildaráhrifa barnsmíssis á fjölskylduna alla, ekki síður á börnin á heimilinu en foreldrana.

Barnaheill hvetja nú sem áður til þess að við frumvarpið verði bætt sérstakri umfjöllun um áhrif þess á börn, í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans um að allar ákvarðanir sem áhrif munu hafa á börn skuli taka með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og hvetja til þess að ætíð sé unnið að því að samfélagið geri ráð fyrir börnum og verði barnvænna í heild.